

AUGLÝSING

um Vínarsamning um milliríkjasamninga.

Hinn 25. september 2025 var Sameinuðu þjóðunum afhent aðildarskjal Íslands vegna Vínarsamnings um milliríkjasamninga, sem gerður var í Vín 22. maí 1969.

Samningurinn öðlast gildi gagnvart Íslandi 25. október 2025 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 16. október 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

VÍNARSAMNINGUR UM MILLIRÍKJASAMNINGA 1969

Gerður í Vín 22. maí 1969

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum,

sem hafa í huga grundvallarhlutverk milliríkjasamninga í sögu alþjóðlegra samskipta,

sem gera sér grein fyrir sívaxandi mikilvægi milliríkjasamninga sem þjóðréttarheimildar og sem leiðar til að þróa friðsamlega samvinnu meðal þjóða óháð því við hvers konar stjórnskipan og félagsleg kerfi þær búa,

sem gera sér ljóst að meginreglurnar um samþykki af frjálsum vilja og að aðhafast í góðri trú og reglan um að samning skuli halda (pacta sunt servanda) njóta almennrar viðurkenningar,

sem staðfesta að leysa skuli deilur er varða milliríkjasamninga með friðsamlegum hætti og í samræmi við meginregluna um réttlæti og meginreglur þjóðaréttar, líkt og aðrar alþjóðlegar deilur,

sem minnast þess ásetnings þjóða Sameinuðu þjóðanna að skapa skilyrði til að viðhalda réttlæti og virðingu fyrir þeim skuldbindingum sem leiðir af milliríkjasamningum,

sem hafa í huga meginreglur þjóðaréttar sem felast í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, s.s. meginreglurnar um jafnan rétt og sjálfsákvörðunarrétt þjóða, jafnræði fullvalda ríkja og sjálfstæði allra ríkja, bann við afskiptum af innanríkismálum ríkja, bann við hótunum um valdbeitingu eða valdbeitingu og um almenna virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og að þau séu haldin í heiðri,

sem hafa þá trú að kerfisbinding og framþróun þjóðaréttar varðandi milliríkjasamninga sem næst með þessum samningi muni þjóna þeim markmiðum Sameinuðu þjóðanna sem fram koma í sáttmálanum, einkum að varðveita heimsfrið og öryggi, þróa friðsamleg samskipti og koma á samstarfi meðal þjóða,

sem staðfesta að þjóðaréttarvenjur gilda áfram um málefni sem ákvæði samnings þessa taka ekki til,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. HLUTI
FORMÁLSORÐ

1. gr.

Gildissvið þessa samnings.

Samningur þessi gildir um samninga milli ríkja.

2. gr.

Notkun hugtaka.

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - a) „milliríkjasamningur“ merkir skriflegur alþjóðasamningur milli ríkja sem heyrir undir þjóðarétt, hvort sem hann er í einu skjali eða tveimur eða fleiri tengdum skjölum og óháð því hvaða heiti hann ber,
 - b) „fullgilding“, „staðfesting“, „samþykki“ og „aðild“ merkir í hverju tilviki sú alþjóðlega athöfn sem svo er nefnd þar sem ríki lýsir yfir á alþjóðlegum vettvangi samþykki sínu fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi,
 - c) „fullt umboð“ merkir skjal sem kemur frá lögbæru stjórnvaldi ríkis sem tilnefnir einstakling eða einstaklinga til að koma fram fyrir hönd ríkisins til að semja um, samþykkja eða viðurkenna gildi texta milliríkjasamnings, lýsa yfir samþykki ríkisins fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi eða til að annast hverja þá athöfn aðra sem varðar milliríkjasamning,
 - d) „fyrirvari“ merkir einhliða yfirlýsing, óháð orðfæri eða heiti, sem ríki setur fram þegar það undirritar, fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að milliríkjasamningi þar sem það

- gefur til kynna að það undanskilji eða breyti réttaráhrifum tiltekinna ákvæða samningsins við beitingu þeirra gagnvart viðkomandi ríki,
- e) „samningsviðræðuríki“ merkir ríki sem tók þátt í að semja og samþykkja texta milliríkjasamningsins,
 - f) „samningsríki“ merkir ríki sem hefur samþykkt að vera bundið af milliríkjasamningnum, hvort sem hann hefur öðlast gildi eða ekki,
 - g) „samningsaðili“ merkir ríki sem hefur samþykkt að vera bundið af milliríkjasamningnum og samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart,
 - h) „þriðja ríki“ merkir ríki sem er ekki aðili að viðkomandi milliríkjasamningi,
 - i) „alþjóðastofnun“ merkir milliríkjastofnun.
2. Ákvæði 1. mgr. um notkun hugtaka í samningi þessum hafa engin áhrif á notkun þeirra eða á þá merkingu sem þeim kann að vera gefin í landsrétti einstakra ríkja.

3. gr.

Alþjóðasamningar sem falla ekki undir gildissvið þessa samnings.

Enda þótt samningur þessi gildi ekki um alþjóðasamninga sem gerðir eru milli ríkja og annarra aðila sem heyra undir þjóðarétt eða milli slíkra annarra aðila sem heyra undir þjóðarétt, eða um alþjóðasamninga sem eru ekki gerðir skriflega, hefur það ekki áhrif á:

- a) lagalegt gildi slíkra samninga,
- b) beitingu, gagnvart þeim, á hvers konar reglum í þessum samningi sem myndu eiga við um þá samkvæmt þjóðarétti án tillits til samnings þessa,
- c) beitingu samningsins um samskipti ríkja þeirra á milli samkvæmt alþjóðasamningum sem aðrir aðilar sem heyra undir þjóðarétt eru einnig aðilar að.

4. gr.

Ákvæði þessa samnings ekki afturvirk.

Með fyrirvara um beitingu hvers kyns reglna sem settar eru fram í þessum samningi sem milliríkjasamningar myndu heyra undir samkvæmt þjóðarétti án tillits til samningsins, gildir þessi samningur einungis um milliríkjasamninga sem ríki gera eftir að þessi samningur tekur gildi að því er fyrirnefnd ríki varðar.

5. gr.

Milliríkjasamningar um stofnun alþjóðastofnana og milliríkjasamningar sem eru samþykktir innan alþjóðastofnunar.

Þessi samningur gildir um hvern þann milliríkjasamning sem er stofnsamþykkt alþjóðastofnunar og hvern þann milliríkjasamning sem er samþykktur innan alþjóðastofnunar með fyrirvara um viðeigandi reglur stofnunarinnar.

II. HLUTI

GERÐ OG GILDISTAKA MILLIRÍKJASAMNINGA

1. ÞÁTTUR

GERÐ MILLIRÍKJASAMNINGA

6. gr.

Hæfi ríkja til að gera milliríkjasamninga.

Sérhvert ríki er hæft til að gera milliríkjasamninga.

7. gr.

Fullt umboð.

1. Litið er svo á að einstaklingur komi fram fyrir hönd ríkis í þeim tilgangi að samþykkja eða viðurkenna gildi texta milliríkjasamnings eða til að lýsa yfir samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi ef:
- a) hann leggur fram fullt umboð eða
 - b) svo virðist af framkvæmd hlutaðeigandi ríkja eða öðrum aðstæðum að ætlan þeirra hafi verið

að líta svo á að viðkomandi einstaklingur væri fulltrúi ríkisins í þessum tilgangi og falla frá kröfu um fullt umboð.

2. Eftirtaldir aðilar teljast fulltrúar ríkis síns í krafti starfa síns og þurfa ekki að leggja fram fullt umboð:
 - a) þjóðhöfðingjar, leiðtogar ríkisstjórna og utanríkisráðherrar þegar þeir framkvæma hverjar þær athafnir sem varða gerð milliríkjasamnings,
 - b) yfirmenn sendiskrifstofa þegar þeir samþykkja texta milliríkjasamnings milli ríkisins sem samþykkir trúnaðarbindingu þeirra og ríkisins sem þeir eru trúnaðarbundnir gagnvart,
 - c) fulltrúar sem ríki hafa samþykkt að séu trúnaðarbundnir gagnvart alþjóðlegri ráðstefnu eða alþjóðastofnun eða einni af stjórnareiningum hennar svo þeir megi samþykkja texta milliríkjasamnings á viðkomandi ráðstefnu, hjá stofnuninni eða stjórnareiningu hennar.

8. gr.

Síðari staðfesting athafnar sem var framkvæmd án heimildar.

Athöfn sem tengist gerð milliríkjasamnings og framkvæmd er af einstaklingi, sem getur ekki talist hafa heimild skv. 7. gr. til að koma fram fyrir hönd ríkis í þeim tilgangi, hefur engin réttaráhrif nema ríkið staðfesti hana eftir á.

9. gr.

Samþykkt textans.

1. Samþykkt texta milliríkjasamnings fer fram með samþykki allra ríkja sem taka þátt í gerð hans að undanskildu því sem kveðið er á um í 2. mgr.
2. Þegar texti milliríkjasamnings er samþykktur á alþjóðlegri ráðstefnu skal það vera með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra ríkja sem eru viðstödd og greiða atkvæði nema þau ákveði með sama meirihluta að beita annarri reglu.

10. gr.

Viðurkenning á gildi textans.

Texti milliríkjasamnings er staðfestur sem gildur og endanlegur texti:

- a) með þeirri málsmeðferð sem kann að vera kveðið á um í textanum eða sem samþykkt er af þeim ríkjum sem taka þátt í gerð hans eða
- b) ef slík málsmeðferð er ekki fyrir hendi, með undirritun, undirritun með fyrirvara um samþykki eða með ritun upphafsstafa fulltrúa þessara ríkja á texta milliríkjasamnings eða lokagerð ráðstefnu sem felur í sér textann.

11. gr.

Leiðir til að lýsa yfir samþykki fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi.

Ríki getur lýst yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi með undirritun, með því að skiptast á skjölum sem mynda milliríkjasamning, með fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eða með öðrum hætti ef komist er að samkomulagi um það.

12. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi veitt með undirritun.

1. Samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi er veitt með undirritun fulltrúa þess þegar:
 - a) kveðið er á um það í viðkomandi samningi að undirritun skuli hafa þessi áhrif,
 - b) það liggur fyrir með öðrum hætti að samningsviðræðuríkin hafi komist að samkomulagi um að undirritun skuli hafa þessi áhrif eða
 - c) sú ætlan ríkisins að veita undirritun þessi áhrif kemur fram í fullu umboði fulltrúa þess eða kom fram meðan á samningaviðræðunum stóð.
2. Að því er 1. mgr. varðar:
 - a) telst ritun upphafsstafa á texta vera undirritun viðkomandi samnings þegar fyrir liggur að samningsviðræðuríkin hafi komist að samkomulagi um það,

- b) telst undirritun fulltrúa á milliríkjasamningi með fyrirvara um samþykki (að referendum) vera full undirritun hans að fenginni staðfestingu ríkis hans.

13. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi veitt með skiptum á skjölum sem mynda milliríkjasamning.

Samþykki ríkja fyrir því að vera bundin af milliríkjasamningi sem myndaður er með skjölum sem þau skiptast á er látið í ljós með þeim skiptum þegar:

- a) kveðið er á um það í skjölunum að skipti á þeim skuli hafa þessi áhrif eða
- b) það liggur fyrir með öðrum hætti að þessi ríki hafi komist að samkomulagi um að skipti á skjölum skuli hafa þessi áhrif.

14. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi veitt með fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

1. Samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi er veitt með fullgildingu þegar:
 - a) kveðið er á um það í viðkomandi samningi að slíkt samþykki skuli veitt með fullgildingu,
 - b) það liggur fyrir með öðrum hætti að samningsviðræðuríkin hafi komist að samkomulagi um að krafist skuli fullgildingar,
 - c) fulltrúi ríkisins hefur undirritað viðkomandi samning með fyrirvara um fullgildingu eða
 - d) sú ætlan ríkisins að undirrita viðkomandi samning með fyrirvara um fullgildingu kemur fram í fullu umboði fulltrúa þess eða kom fram meðan á samningaviðræðunum stóð.
2. Samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi er veitt með staðfestingu eða samþykki með svipuðum skilyrðum og gilda um fullgildingu.

15. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi veitt með aðild.

Samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi er veitt með aðild þegar:

- a) kveðið er á um það í viðkomandi samningi að ríkið geti veitt slíkt samþykki með aðild,
- b) það liggur fyrir með öðrum hætti að samningsviðræðuríkin hafi komist að samkomulagi um að ríkið geti veitt slíkt samþykki með aðild eða
- c) allir samningsaðilar hafa síðar samþykkt að viðkomandi ríki geti veitt slíkt samþykki með aðild.

16. gr.

Skipti á skjölum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eða afhending þeirra til vörslu.

Ef ekki er kveðið á um annað í viðkomandi milliríkjasamningi er í skjölum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild sett fram samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi um leið og:

- a) samningsríkin skiptast á slíkum skjölum,
- b) þau eru afhent vörsluaðilanum eða
- c) tilkynnt er um þau til samningsríkjanna eða vörsluaðilans, ef um það er samið.

17. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundið af hluta milliríkjasamnings og val milli ólíkra ákvæða.

1. Með fyrirvara um 19.–23. gr. gildir samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af hluta milliríkjasamnings því aðeins að viðkomandi samningur heimili það eða hin samningsríkin samþykki það.
2. Samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi sem heimilar val milli ólíkra ákvæða gildir því aðeins að ljóst sé hvaða ákvæði samþykkið varðar.

18. gr.

Skylda til að vinna ekki gegn markmiði og tilgangi milliríkjasamnings áður en hann öðlast gildi.

Ríki er skylt að forðast athafnir sem vinna gegn markmiði og tilgangi milliríkjasamnings þegar:

- a) það hefur undirritað viðkomandi samning eða skipst á skjölum sem mynda samninginn með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þar til það hefur gert þá ætlan sína ljósa að það hyggist ekki gerast aðili að samningnum eða
- b) það hefur lýst yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundið af samningnum meðan beðið er gildistöku hans og að því tilskildu að slík gildistaka tefjist ekki úr hófi.

2. ÞÁTTUR

FYRIRVARAR

19. gr.

Gerð fyrirvara.

Þegar ríki undirritar, fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að milliríkjasamningi er því heimilt að setja fram fyrirvara nema:

- a) fyrirvarinn sé bannaður samkvæmt samningnum,
- b) kveðið sé um það í samningnum að einungis sé heimilt að setja tiltekna fyrirvara sem taka ekki til viðkomandi fyrirvara eða
- c) í tilvikum sem falla ekki undir a- og b-lið, fyrirvarinn er ósamrýmanlegur markmiði og tilgangi samningsins.

20. gr.

Samþykki fyrirvara og andmæli gegn þeim.

1. Ef fyrirvari er heimilaður sérstaklega samkvæmt milliríkjasamningi krefst hann ekki síðara samþykkis hinna samningsríkjanna nema kveðið sé á um það í samningnum.
2. Ef ráða má af takmörkuðum fjölda samningsviðræðuríkja og markmiði og tilgangi milliríkjasamnings að beiting hans í heild sinni milli allra samningsaðila sé grundvallarskilyrði fyrir því að hver og einn samþykki að vera bundinn af viðkomandi samningi þarf fyrirvari að vera samþykktur af öllum samningsaðilum.
3. Ef milliríkjasamningur er stofnsamþykkt alþjóðastofnunar og ef ekki er kveðið á um annað í honum þarf þar til bær stjórnareining þeirrar stofnunar að samþykkja fyrirvarann.
4. Í tilvikum sem falla ekki undir málsgreinarnar hér að framan og ef ekki er kveðið á um annað í milliríkjasamningnum:
 - a) er litið svo á að ef annað samningsríki samþykkir fyrirvara leiði það til þess að ríkið sem setur fyrirvarann teljist vera aðili að samningnum gagnvart hinu ríkinu ef eða þegar samningurinn er í gildi milli þessara ríkja,
 - b) koma andmæli annars samningsríkis gegn fyrirvara ekki í veg fyrir að samningurinn öðlist gildi milli ríkisins sem leggur fram andmælin og ríkisins sem setur fyrirvarann nema fyrrnefnda ríkið láti mjög ákveðið í ljós andstæðan ásetning sinn,
 - c) tekur athöfn sem veitir samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af samningnum og inniheldur fyrirvara, gildi um leið og a.m.k. eitt annað samningsríki hefur samþykkt fyrirvarann.
5. Að því er 2. og 4. mgr. varðar og ef ekki er kveðið á um annað í samningnum telst ríki hafa samþykkt fyrirvara hafi það ekki hreyft andmælum gegn honum innan tólf mánaða frá því að því var tilkynnt um hann eða fyrir þann dag þegar það lýsti yfir samþykki sínu um að vera bundið af samningnum, hvort sem síðar verður.

21. gr.

Réttaráhrif fyrirvara og andmæla gegn fyrirvörum.

1. Fyrirvari sem hefur verið settur gagnvart öðrum samningsaðila í samræmi við 19., 20. og 23. gr.:
 - a) breytir, fyrir ríkið sem lagði fram fyrirvarann, í samskiptum þess við hinn samningsaðilann, þeim ákvæðum samningsins sem fyrirvarinn fjallar um, að því marki sem kveðið er á um í fyrirvaranum, og

- b) breytir þessum ákvæðum að sama marki fyrir hinn samningsaðilann í samskiptum hans við ríkið sem setti fyrirvarann.
- 2. Fyrirvarinn breytir ekki ákvæðum samningsins milli annarra aðila samningsins.
- 3. Ef ríki sem andmælir fyrirvara hefur ekki lagst gegn gildistöku samningsins milli sín og ríkisins sem setti fyrirvarann gilda þau ákvæði, sem fyrirvarinn tekur til, ekki milli ríkjanna tveggja að því marki sem fjallað er um í fyrirvaranum.

22. gr.

Afturköllun fyrirvara og andmæla gegn fyrirvörum.

- 1. Ef ekki er kveðið á um annað í milliríkjasamningnum er heimilt að afturkalla fyrirvara hvenær sem er og þess er ekki krafist að ríki, sem hefur samþykkt fyrirvarann, samþykki afturköllun hans.
- 2. Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum er heimilt að afturkalla andmæli gegn fyrirvara hvenær sem er.
- 3. Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum eða samið um annað:
 - a) verður afturköllun fyrirvara ekki virk gagnvart öðru samningsríki fyrr en viðkomandi ríki hefur fengið tilkynningu um það,
 - b) verður afturköllun andmæla gegn fyrirvara ekki virk fyrr en ríkið sem setti fyrirvarann fram hefur fengið tilkynningu um það.

23. gr.

Málsmeðferð í tengslum við fyrirvara.

- 1. Fyrirvara, ótvírætt samþykki fyrirvara og andmæli gegn fyrirvara skal setja fram skriflega og tilkynna það samningsríkjunum og öðrum ríkjum sem eiga rétt á að gerast aðilar að samningnum.
- 2. Ef fyrirvari er settur þegar samningur er undirritaður með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, skal ríkið sem setur hann staðfesta hann formlega þegar það lýsir yfir samþykki sínu um að vera bundið af samningnum. Í því tilviki skal litið svo á að fyrirvarinn hafi verið gerður daginn sem hann var staðfestur.
- 3. Ótvírætt samþykki eða andmæli gegn fyrirvara fyrir staðfestingu fyrirvarans þarfnast ekki staðfestingar sem slík.
- 4. Afturköllun fyrirvara eða andmæla gegn fyrirvara verður að setja fram skriflega.

3. ÞÁTTUR

GILDISTAKA MILLIRÍKJASAMNINGA OG BEITING ÞEIRRA TIL BRÁÐABIRGÐA

24. gr.

Gildistaka.

- 1. Milliríkjasamningur öðlast gildi með þeim hætti og á þeim degi sem kann að vera kveðið á um í honum eða samningsviðræðuríkin kunna að koma sér saman um.
- 2. Ef slíkt ákvæði eða samkomulag er ekki fyrir hendi öðlast samningurinn gildi um leið og staðfest hefur verið að öll samningsviðræðuríkin hafi veitt samþykki fyrir því að vera bundin af honum.
- 3. Ef samþykki ríkis fyrir því að verða bundið af milliríkjasamningi er staðfest á degi sem ber upp eftir gildistöku samningsins skal samningurinn öðlast gildi fyrir það ríki á þeim degi nema kveðið sé á um annað í honum.
- 4. Ákvæði milliríkjasamnings varðandi viðurkenningu á gildi texta hans, staðfestingu á samþykki ríkja fyrir því að vera bundin af honum, með hvaða hætti eða hvaða dag hann öðlast gildi, fyrirvara, hlutverk vörsluaðila og önnur atriði sem óhjákvæmilega koma upp fyrir gildistöku samningsins taka gildi frá þeim tíma þegar texti hans er samþykktur.

25. gr.

Beiting til bráðabirgða.

- 1. Milliríkjasamningi eða hluta hans er beitt til bráðabirgða á meðan gildistöku hans er beðið ef:
 - a) kveðið er á um það í samningnum sjálfum eða
 - b) samningsviðræðuríkin hafa samþykkt það með öðrum hætti.
- 2. Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum eða hafi samningsviðræðuríkin ekki komið sér saman

um annað skal bráðabirgðabeitingu samningsins eða hluta hans hætt gagnvart ríki ef það ríki tilkynnir öðrum ríkjum, sem beita samningnum sín á milli til bráðabirgða, um þá fyrirætlan sína að gerast ekki aðili að samningnum.

III. HLUTI FRAMFYLGD, BEITING OG TÚLKUN MILLIRÍKJASAMNINGA

1. ÞÁTTUR FRAMFYLGD MILLIRÍKJASAMNINGA

26. gr.

Samning skal halda (pacta sunt servanda).

Sérhver milliríkjasamningur í gildi er bindandi fyrir samningsaðila og skulu þeir framkvæma hann í góðri trú.

27. gr.

Landslög og framfylgd milliríkjasamninga.

Samningsaðili getur ekki skírskotað til ákvæða landslaga sinna sem rökstuðnings fyrir því að efna ekki milliríkjasamning. Þessi regla hefur ekki áhrif á 46. gr.

2. ÞÁTTUR BEITING MILLIRÍKJASAMNINGA

28. gr.

Milliríkjasamningar ekki afturvirkir.

Ef ekki kemur fram annar ásetningur í milliríkjasamningi eða hann ákveðinn með öðrum hætti eru ákvæði hans ekki bindandi fyrir samningsaðila að því er varðar hvers kyns athafnir eða staðreyndir sem upp koma eða aðstæður sem hættu að vera fyrir hendi fyrir gildistökudag samningsins gagnvart þeim samningsaðila.

29. gr.

Gildissvæði milliríkjasamninga.

Ef annar ásetningur kemur ekki fram í milliríkjasamningi eða er ákveðinn á annan hátt er samningurinn bindandi fyrir sérhvern samningsaðila að því er varðar allt yfirráðasvæði hans.

30. gr.

Beiting síðari milliríkjasamninga um sama efni.

1. Með fyrirvara um 103. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna skal ákvarða réttindi og skyldur ríkja sem eru aðilar að síðari milliríkjasamningnum um sama efni í samræmi við eftirfarandi málsgreinar.
2. Ef tilgreint er í milliríkjasamningi að hann falli undir eða að hann teljist ekki ósamrýmanlegur fyrri eða síðari samningi ganga ákvæði hins samningsins fram.
3. Þegar allir aðilar að fyrri samningnum eru einnig aðilar að síðari samningnum en fyrri samningnum hefur ekki verið slitið eða framkvæmd hans frestað skv. 59. gr. gildir fyrri samningurinn aðeins að því marki sem ákvæði hans samrýmast ákvæðum síðari samningsins.
4. Ef ekki allir aðilar að fyrri milliríkjasamningnum eru á meðal aðila að síðari samningnum:
 - a) gildir sama regla milli ríkja sem eru aðilar að báðum samningnum og í 3. mgr.,
 - b) gildir sá samninganna, sem bæði ríki eru aðilar að, um gagnkvæm réttindi þeirra og skyldur milli ríkis sem er aðili að báðum samningnum og ríkis sem er aðeins aðili að öðrum samningnum.
5. Ákvæði 4. mgr. hafa ekki áhrif á 41. gr. eða nein álitamál varðandi slit eða frestun á framkvæmd samningsins skv. 60. gr. eða álitamál varðandi ábyrgð sem kann að rísa fyrir ríki vegna gerðar eða beitingar milliríkjasamnings þegar ákvæði hans eru ósamrýmanleg skyldum þess gagnvart öðru ríki samkvæmt öðrum milliríkjasamningi.

3. ÞÁTTUR
TÚLKUN MILLIRÍKJASAMNINGA
31. gr.

Almenn regla um túlkun.

1. Milliríkjasamning skal túlka í góðri trú í samræmi við venjulega merkingu hugtaka hans í því samhengi sem þau birtast og í ljósi markmiðs hans og tilgangs.
2. Við túlkun samnings skal samhengi hans, auk textans, þ.m.t. formálsorð hans og viðaukar, vera:
 - a) hvers konar samkomulag sem varðar samninginn sem allir samningsaðilar hafa gert sín á milli í tengslum við gerð samningsins,
 - b) hvers konar gerningur sem einn eða fleiri aðilar hafa gert í tengslum við gerð samningsins og hinir samningsaðilarnir hafa samþykkt sem gerning sem varðar samninginn.
 - c) Auk samhengisins skal taka tillit til:
 - d) hvers kyns síðara samkomulags milli aðilanna varðandi túlkun samningsins eða beitingu ákvæða hans,
 - e) hvers kyns síðari framkvæmdar við beitingu samningsins sem er grundvöllur samkomulags aðilanna varðandi túlkun hans,
 - f) hvers kyns reglna þjóðaréttar sem gilda í samskiptum milli samningsaðilanna.
3. Leggja skal sérstaka merkingu í hugtak ef fyrir liggur að þannig hafi samningsaðilarnir ætlað sér að hafa það.

32. gr.

Frekari leiðir til túlkunar.

Horfa má til frekari leiða við túlkun, m.a. undirbúningsvinnu samningsins og aðstæðna við gerð hans, til að staðfesta merkingu sem leiðir af beitingu 31. gr. eða til að ákvarða merkingu þegar túlkun skv. 31. gr.:

- a) setur fram tvíræða eða óskýra merkingu eða
- b) leiðir til niðurstöðu sem er augljóslega fráleit eða óskynsamleg.

33. gr.

*Túlkun milliríkjasamninga sem hafa verið viðurkenndir
sem gildir á tveimur eða fleiri tungumálum.*

1. Hafi milliríkjasamningur verið viðurkenndur sem gildur á tveimur eða fleiri tungumálum er textinn jafngildur á öllum tungumálunum nema kveðið sé á um það í samningnum eða samningsaðilarnir komi sér saman um að ef ágreiningur rís skuli tiltekinn texti ráða.
2. Útgáfa milliríkjasamnings á öðru tungumáli en einu þeirra tungumála sem gildi textans var viðurkennt á skal því aðeins teljast gildur texti að kveðið sé á um það í samningnum eða samningsaðilarnir komi sér saman um það.
3. Gengið er út frá því að hugtök samnings hafi sömu merkingu í hverjum gildum texta.
4. Ef samanburður á gildum textum leiðir í ljós merkingarmun sem ekki verður eytt með beitingu 31. og 32. gr. skal samþykkja þá merkingu sem samræmir textana best að teknu tilliti til markmiðs og tilgangs samningsins, nema tiltekinn texti ráði í samræmi við 1. mgr.

4. ÞÁTTUR
MILLIRÍKJASAMNINGAR OG ÞRIÐJU RÍKI
34. gr.

Almenn regla varðandi þriðju ríki.

Milliríkjasamningur skapar hvorki skyldur né réttindi fyrir þriðja ríki án samþykkis þess.

35. gr.

Milliríkjasamningar sem kveða á um skyldur fyrir þriðju ríki.

Ákvæði milliríkjasamnings leiðir af sér skyldu fyrir þriðja ríki ef aðilar að samningnum ætla ákvæðinu að stofna skylduna og þriðja ríkið hefur veitt ótvírætt samþykki sitt fyrir henni skriflega.

36. gr.

Milliríkjasamningar sem kveða á um réttindi fyrir þriðju ríki.

1. Ákvæði milliríkjasamnings leiðir af sér rétt fyrir þriðja ríki ef aðilar að samningnum ætla ákvæðinu að veita annaðhvort þriðja ríkinu eða hópi ríkja sem það tilheyrir eða öllum ríkjum slíkan rétt, og þriðja ríkið samþykkir slíkan rétt. Ganga skal út frá ætluðu samþykki hafi annað ekki verið látið í ljós, nema kveðið sé um annað í samningnum.
2. Ríki sem neytir réttar í samræmi við 1. mgr. skal hlíta þeim skilyrðum fyrir nýtingu réttarins sem kveðið er á um í samningnum eða sem sett eru í samræmi við samninginn.

37. gr.

Afturköllun eða breyting á skyldum eða réttindum þriðju ríkja.

1. Þegar skylda hefur skapast fyrir þriðja ríki í samræmi við 35. gr. er ekki heimilt að afturkalla hana eða breyta henni nema með samþykki aðila að samningnum og þriðja ríkisins nema sýna megi fram á að þau hafi komist að samkomulagi um annað.
2. Þegar réttur hefur skapast fyrir þriðja ríki í samræmi við 36. gr. geta samningsaðilarnir ekki afturkallað hann eða breytt honum ef hægt er að sýna fram á að ætlunin hafi verið að afturkalla ekki réttinn eða breyta honum án samþykkis þriðja ríkisins.

38. gr.

Reglur í milliríkjasamningi sem verða bindandi fyrir þriðju ríki samkvæmt þjóðaréttarvenju.

Ekkert í 34.–37. gr. kemur í veg fyrir að regla sem sett er fram í milliríkjasamningi verði bindandi fyrir þriðja ríki sem þjóðaréttarvenja, viðurkennd sem slík.

IV. HLUTI

BREYTINGAR Á MILLIRÍKJASAMNINGUM

39. gr.

Almenn regla varðandi breytingar á milliríkjasamningum.

Heimilt er að breyta milliríkjasamningi með samkomulagi samningsaðilanna. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í II. hluta, gilda um slíkt samkomulag nema að því marki sem kveðið er á um annað í samningnum.

40. gr.

Breyting á marghliða milliríkjasamningum.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum gilda eftirfarandi málsgreinar um breytingar á marghliða milliríkjasamningum.
2. Tilkynna verður öllum samningsríkjunum um sérhverja tillögu að breytingu á marghliða samningi milli allra samningsaðilanna og skal sérhvert þeirra eiga rétt á að taka þátt í:
 - a) ákvörðun um til hvaða aðgerða skuli grípa vegna slíkrar tillögu,
 - b) samningaviðræðum og gerð hvers konar samkomulags um breytingar á samningnum.
3. Sérhvert ríki sem á rétt á að gerast aðili að milliríkjasamningnum skal einnig eiga rétt á að gerast aðili að honum með áorðnum breytingum.
4. Samkomulagið um breytingar bindur ekki ríki sem er þegar aðili að samningnum en gerist ekki aðili að samkomulaginu um breytingar; gagnvart slíku ríki gildir b-liður 4. mgr. 30. gr.
5. Hvert það ríki sem gerist aðili að milliríkjasamningnum eftir gildistöku samkomulagsins um breytingar skal, hafi það ekki látið annað í ljós:
 - a) teljst vera aðili að samningnum með áorðnum breytingum og
 - b) teljst vera aðili að samningnum óbreyttum gagnvart samningsaðilum sem eru ekki bundnir af samkomulaginu um breytingar.

41. gr.

*Samkomulag um breytingu á marghliða milliríkjasamningum
milli tiltekinna samningsaðila eingöngu.*

1. Tveir eða fleiri aðilar að marghliða milliríkjasamningi geta gert með sér samkomulag um breytingar á samningnum aðeins sín á milli ef:
 - a) kveðið er á um möguleika á slíkri breytingu í samningnum eða
 - b) viðkomandi breyting er ekki bönnuð samkvæmt samningnum og
 - i. hefur ekki áhrif á að hinir samningsaðilarnir njóti sinna réttinda samkvæmt samningnum eða uppfylli skyldur sínar,
 - ii. varðar ekki ákvæði sem frávik frá væri ósamrýmanlegt skilvirkri framkvæmd á markmiði og tilgangi samningsins í heild.
2. Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum í tilviki sem fellur undir a-lið 1. mgr. skulu hlutaðeigandi aðilar tilkynna hinum aðilunum um þá fyrirætlun sína að ganga frá samkomulagi og um þá breytingu á samningnum sem kveðið er á um í því.

V. HLUTI

ÓGILDING, SLIT OG FRESTUN Á FRAMKVÆMD MILLIRÍKJASAMNINGA

1. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

42. gr.

Gildi og áframhaldandi gildi milliríkjasamninga.

1. Einungis er hægt að vefengja gildi milliríkjasamnings eða samþykkis ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi á grundvelli beitingar þessa samnings.
2. Slit milliríkjasamnings, uppsögn hans eða úrsögn aðila geta aðeins átt sér stað með beitingu ákvæða milliríkjasamningsins eða þessa samnings. Sama regla gildir um frestun á framkvæmd milliríkjasamnings.

43. gr.

Skyldur samkvæmt þjóðarétti óháð milliríkjasamningi.

Ógilding, slit eða uppsögn milliríkjasamnings, úrsögn samningsaðila eða frestun á framkvæmd samningsins með beitingu þessa samnings eða ákvæða milliríkjasamningsins skal á engan hátt skerða skyldu ríkis til að standa við sérhverja skyldu sem milliríkjasamningurinn geymir ákvæði um og myndi hvíla á því samkvæmt þjóðarétti án tillits til milliríkjasamningsins.

44. gr.

Aðgreinanleiki ákvæða milliríkjasamnings.

1. Einungis má nýta rétt samningsaðila, sem kveðið er á um í milliríkjasamningi eða leiðir af 56. gr., til að segja upp, segja sig frá eða fresta framkvæmd samningsins með tilliti til samningsins í heild nema kveðið sé á um annað í honum eða samningsaðilarnir komi sér saman um annað.
2. Aðeins er heimilt að bera fyrir sig ástæðu til ógildingar, slita, úrsagnar eða frestunar á framkvæmd milliríkjasamnings, sem er viðurkennd í þessum samningi, með tilliti til samningsins í heild nema kveðið sé um annað í eftirfarandi málsgreinum eða í 60. gr.
3. Varði ástæðan aðeins tiltekin ákvæði er eingöngu hægt að skírskota til hennar í tengslum við þau ákvæði þegar:
 - a) unnt er að aðgreina fyrrnefnd ákvæði frá öðrum hlutum milliríkjasamningsins með tilliti til beitingar þeirra,
 - b) ráða má af samningnum eða það liggur fyrir með öðrum hætti að samþykki þessara ákvæða var ekki grundvallarforsenda fyrir samþykki hins aðilans eða aðilanna fyrir því að vera bundnir af samningnum í heild sinni og
 - c) áframhaldandi efndir á öðrum hlutum samningsins væru ekki óréttmætar.
4. Í tilvikum sem falla undir 49. og 50. gr. getur það ríki sem hefur rétt til að skírskota til svika eða spillingar annaðhvort gert það með hliðsjón af samningnum í heild eða, með fyrirvara um 3. mgr., einungis með hliðsjón af hinum tilteknu ákvæðum.

5. Í tilvikum sem falla undir 51., 52. og 53. gr. er öll aðgreining ákvæða samningsins óheimil.

45. gr.

Missir réttar til að bera fyrir sig ástæðu til ógildingar, slita, úrsagnar eða frestunar á framkvæmd milliríkjasamnings.

Ríki er ekki lengur heimilt að bera fyrir sig ástæðu til ógildingar, slita, úrsagnar eða frestunar á framkvæmd samnings skv. 46.–50. gr. eða 60. og 62. gr. ef, að málavöxtum kunnum:

- a) því er gert að hafa, með ótvíræðum hætti, samþykkt að samningurinn sé í gildi eða haldi áfram að gilda eða að framkvæmd hans verði fram haldið, eftir því sem við á, eða
- b) telja verður, í ljósi háttsemi þess, að það hafi sætt sig við gildi samningsins eða áframhaldandi gildi hans eða framkvæmd, eftir því sem við á.

2. ÞÁTTUR

ÓGILDING MILLIRÍKJASAMNINGA

46. gr.

Ákvæði landslaga varðandi hæfi til að gera milliríkjasamninga.

1. Ríki getur ekki borið fyrir sig að samþykki þess fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi hafi verið lýst yfir í bága við ákvæði í landslögum þess varðandi hæfi til að gera milliríkjasamninga og að það ógildi samþykki þess nema brotið hafi verið augljóst og varði grundvallarreglu í landslögum þess.
2. Brot telst augljóst ef það væri bersýnilegt á hlutlægan hátt hverju því ríki sem gengi fram í málinu í samræmi við viðteknar venjur og í góðri trú.

47. gr.

Sérstakar takmarkanir varðandi umboð til að lýsa yfir samþykki ríkis.

Hafi sérstök takmörkun verið sett varðandi umboð fulltrúa til að lýsa yfir samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af tilteknum milliríkjasamningi er ekki heimilt að bera fyrir sig að hann haft ekki virt þá takmörkun til þess að ógilda samþykkið sem hann lýsti yfir nema hinum samningsviðræðuríkjunum hafi verið tilkynnt um takmörkunina áður en hann veitti fyrrnefnt samþykki.

48. gr.

Villur.

1. Ríki getur borið fyrir sig villu í milliríkjasamningi til ógildingar á samþykki sínu fyrir því að vera bundið af samningnum ef villan tengist staðreynd eða aðstæðum sem ríkið taldi vera fyrir hendi á þeim tíma sem hann var gerður og voru grundvallarforsenda fyrir samþykki þess fyrir því að vera bundið af honum.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef viðkomandi ríki stuðlaði með háttsemi sinni að villunni eða ef aðstæður voru með þeim hætti að ríkið hefði átt að gera sér grein fyrir hugsanlegri villu.
3. Villa sem varðar aðeins orðalag samningstexta hefur ekki áhrif á gildi hans; í því tilviki gildir 79. gr.

49. gr.

Svik.

Hafi ríki verið hvatt til að gera samning með sviksamlegri háttsemi annars samningsviðræðuríkis getur ríkið borið fyrir sig svikin til ógildingar á samþykki sínu fyrir því að vera bundið af samningnum.

50. gr.

Spilling fulltrúa ríkis.

Hafi yfirlýsing um samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi verið fengin á grundvelli þess að fulltrúa þess hafi verið spillt, með beinum eða óbeinum hætti, af hálfu annars samningsviðræðuríkis getur ríkið borið fyrir sig slíka spillingu til ógildingar á samþykki sínu fyrir því að vera bundið af samningnum.

51. gr.

Þvingun fulltrúa ríkis.

Yfirlýsing um samþykki ríkis fyrir því að vera bundið af milliríkjasamningi, sem fengin er með því að þvinga fulltrúa þess með aðgerðum eða hótunum sem beinast gegn honum, skal vera án réttaráhrifa.

52. gr.

Þvingun ríkis með hótun um valdbeitingu eða valdbeitingu.

Milliríkjasamningur hefur ekki lagalegt gildi ef gerð hans hefur verið náð fram með hótunum um valdbeitingu eða valdbeitingu sem brjóta gegn meginreglum þjóðaréttar sem felast í sáttmála Sam-einuðu þjóðanna.

53. gr.

Milliríkjasamningar í andstöðu við ófrávíkjanlega grunnreglu þjóðaréttar (jus cogens).

Milliríkjasamningur hefur ekki lagalegt gildi ef hann stangast á við ófrávíkjanlega grunnreglu þjóðaréttar þegar hann er gerður. Að því er þennan samning varðar er ófrávíkjanleg grunnregla þjóðaréttar regla sem er samþykkt og viðurkennd af alþjóðasamfélagi ríkja í heild sem regla sem óheimilt er að víkja frá og einungis er unnt að breyta með síðari reglu þjóðaréttar sama eðlis.

3. ÞÁTTUR

SLIT OG FRESTUN Á FRAMKVÆMD MILLIRÍKJASAMNINGA

54. gr.

Slit milliríkjasamnings eða úrsögn samkvæmt ákvæðum hans eða með samþykki samningsaðilanna.

Slit milliríkjasamnings eða úrsögn samningsaðila getur átt sér stað:

- a) í samræmi við ákvæði samningsins eða
- b) hvenær sem er með samþykki allra samningsaðila að höfðu samráði við hin samningsríkin.

55. gr.

Fækkun samningsaðila að marghliða milliríkjasamningi niður fyrir þann fjölda sem nauðsynlegur telst vegna gildistöku hans.

Marghliða milliríkjasamningi er ekki slitið af þeirri ástæðu einni að fjöldi samningsaðila fellur niður fyrir þann fjölda sem nauðsynlegur telst vegna gildistöku hans nema kveðið sé á um annað í samningnum.

56. gr.

Uppsögn eða úrsögn milliríkjasamnings án ákvæða um slit, uppsögn eða úrsögn.

1. Ekki er hægt að segja upp eða segja sig frá milliríkjasamningi sem inniheldur ekki ákvæði um slit og sem gerir ekki ráð fyrir uppsögn né úrsögn nema:
 - a) fyrir liggi að samningsaðilarnir hafi ætlað að gera ráð fyrir möguleikanum á uppsögn eða úrsögn eða
 - b) eðli samningsins kunni að gefa til kynna rétt til uppsagnar eða úrsagnar.
2. Samningsaðili skal tilkynna með a.m.k. tólf mánaða fyrirvara um þá fyrirætlan sína að segja samningi upp eða segja sig frá samningi skv. 1. mgr.

57. gr.

Frestun á framkvæmd milliríkjasamnings samkvæmt ákvæðum hans eða með samþykki samningsaðilanna.

Fresta má framkvæmd milliríkjasamnings gagnvart öllum samningsaðilum eða gagnvart tilteknum samningsaðila:

- a) í samræmi við ákvæði samningsins eða
- b) hvenær sem er með samþykki allra samningsaðila að höfðu samráði við hin samningsríkin.

58. gr.

*Frestun á framkvæmd marghliða milliríkjasamnings
með samkomulagi milli tiltekinna samningsaðila eingöngu.*

1. Tveir eða fleiri samningsaðilar að marghliða milliríkjasamningi geta gert með sér samkomulag um að fresta framkvæmd samningsins tímabundið og aðeins sín á milli ef:
 - a) kveðið er á um möguleika á slíkri frestun í samningnum eða
 - b) viðkomandi frestun er ekki bönnuð samkvæmt samningnum og
 - i. hefur ekki áhrif á að hinir samningsaðilarnir njóti sinna réttinda samkvæmt samningnum eða uppfylli skyldur sínar,
 - ii. er ekki ósamrýmanleg markmiði og tilgangi samningsins.
2. Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum í tilviki sem fellur undir a-lið 1. mgr. skulu hlutað-eigandi aðilar tilkynna hinum aðilunum um þá fyrirætlun sína að ganga frá samkomulagi og um þau ákvæði samningsins sem þeir hyggjast fresta.

59. gr.

*Slit eða frestun á framkvæmd milliríkjasamnings
gefin til kynna með gerð síðari samnings.*

3. Líta skal svo á að milliríkjasamningi hafi verið slitið ef allir aðilar að honum gera síðar samning um sama efni og:
 - a) ráða má af samningnum eða sýnt er fram á með öðrum hætti að samningsaðilarnir hafi ætlað efninu að falla undir þann samning eða
 - b) ákvæði síðari samningsins eru svo ósamrýmanleg ákvæðum fyrri samningsins að ekki er unnt að beita báðum samningunum á sama tíma.
4. Líta skal svo á að framkvæmd fyrri samningsins hafi einungis verið frestað ef ráða má af síðari samningnum eða það liggur fyrir með öðrum hætti að sá hafi verið ásetningur samningsaðilanna.

60. gr.

Slit eða frestun á framkvæmd milliríkjasamnings vegna brots á samningnum.

1. Brjóti einn samningsaðili efnislega gegn tvíhliða milliríkjasamningi veitir það hinum samningsaðilanum rétt til að bera fyrir sig brotið sem ástæðu til að segja samningnum upp eða fresta framkvæmd hans í heild eða að hluta.
2. Ef samningsaðili brýtur efnislega gegn marghliða milliríkjasamningi veitir það:
 - a) hinum samningsaðilunum rétt, með einróma samkomulagi, til að fresta framkvæmd samningsins í heild eða að hluta eða slíta honum, annaðhvort:
 - i. í samskiptum milli sín og ríkisins sem hefur ekki efnt samninginn eða
 - ii. milli allra samningsaðilanna,
 - b) samningsaðila sem verður sérstaklega fyrir áhrifum af brotinu rétt til að bera brotið fyrir sig sem ástæðu til að fresta framkvæmd samningsins í heild eða að hluta í samskiptum milli sín og ríkisins sem hefur ekki efnt samninginn,
 - c) öðrum samningsaðila en ríkinu sem hefur ekki efnt samninginn rétt til að bera brotið fyrir sig sem ástæðu til að fresta framkvæmd samningsins í heild eða að hluta hvað hann sjálfan varðar ef samningurinn er þess eðlis að efnislegt brot gegn ákvæðum hans af hálfu eins samningsaðila gjörbreytir stöðu allra samningsaðilanna með tilliti til frekari efnda á skuldbindingum þeirra samkvæmt samningnum.
3. Að því er þessa grein varðar felst efnislegt brot á milliríkjasamningi í:
 - a) því að hafna því að efna viðkomandi milliríkjasamning sem er ekki heimilt samkvæmt þessum samningi eða
 - b) broti á ákvæði sem skiptir sköpum varðandi það að ná markmiði eða tilgangi samningsins.
4. Málsgreinarnar hér að framan hafa ekki áhrif á þau ákvæði milliríkjasamningsins sem gilda um brot.
5. Ákvæði 1.–3. mgr. gilda ekki um ákvæði sem varða vernd einstaklinga í milliríkjasamningum sem eru mannúðarlegs eðlis, einkum ákvæði um bann við hvers konar hefndaraðgerðum gegn einstaklingum sem njóta verndar samkvæmt slíkum samningum.

61. gr.

Ómögulegt að efna samning eftir gerð hans.

1. Samningsaðili getur borið fyrir sig að ómögulegt sé að efna samning sem ástæðu til slita hans eða úrsagnar ef ómöguleikinn stafar af varanlegu hvarfi eða eyðileggingu hlutar sem er ómissandi fyrir framkvæmd samningsins. Ef ómöguleikinn er tímabundið ástand er einungis hægt að bera hann fyrir sig sem ástæðu til að fresta framkvæmd samningsins.
2. Samningsaðili getur ekki borið fyrir sig ómöguleika þess að efna samninginn sem ástæðu til slita, úrsagnar eða frestunar á framkvæmd samnings ef þennan ómöguleika má rekja til brots þessa aðila á skuldbindingu samkvæmt samningnum eða annarri alþjóðlegri skuldbindingu gagnvart öðrum aðila að samningnum.

62. gr.

Grundvallarbreyting á aðstæðum.

1. Ekki er heimilt að bera fyrir sig grundvallarbreytingu á aðstæðum, sem orðið hefur miðað við aðstæður sem voru fyrir hendi þegar milliríkjasamningur var gerður og sem samningsaðilarnir sáu ekki fyrir, sem ástæðu til slita samningsins eða úrsagnar nema:
 - a) það að viðkomandi aðstæður voru fyrir hendi hafi talist vera grundvallarforsenda samþykkis samningsaðilanna fyrir því að vera bundnir af samningnum og
 - b) áhrif breytingarinnar muni gagnert breyta umfangi skuldbindinga sem enn á eftir að efna samkvæmt samningnum.
2. Ekki má bera fyrir sig grundvallarbreytingu á aðstæðum sem ástæðu til slita samnings eða úrsagnar:
 - a) ef samningurinn ákvarðar mörk eða
 - b) ef grundvallarbreytingin er til komin vegna brots samningsaðilans, sem ber hana fyrir sig, annaðhvort á skuldbindingu samkvæmt samningnum eða á annarri alþjóðlegri skuldbindingu gagnvart öðrum aðila að samningnum.
3. Ef samningsaðili getur, samkvæmt málsgreinunum hér að framan, borið fyrir sig grundvallarbreytingu á aðstæðum sem ástæðu til slita milliríkjasamnings eða úrsagnar getur hann einnig borið fyrir sig breytinguna sem ástæðu til að fresta framkvæmd samningsins.

63. gr.

Slit stjórnmalasambands eða ræðissambands.

Slit stjórnmalasambands eða ræðissambands milli aðila að milliríkjasamningi hefur ekki áhrif á lagaleg tengsl þeirra á milli samkvæmt milliríkjasamningnum nema stjórn mála- eða ræðissamband sé ómissandi til beitingar samningsins.

64. gr.

Ný ófrávíkjanleg grunnregla þjóðaréttar (jus cogens).

Ef fram kemur ný ófrávíkjanleg grunnregla þjóðaréttar hefur gildandi milliríkjasamningur, sem er í andstöðu við þá reglu, ekkert lagalegt gildi og er slitið.

4. ÞÁTTUR MÁLSMEDFERÐ

65. gr.

*Málsmeðferð sem fylgja skal við ógildingu, slit, úrsögn
eða frestun á framkvæmd milliríkjasamnings.*

